

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Með því að ráðgjafinn hefur ekki álitid sjer það fært, að leggja það til, að frumvarp það til laga um útrýmingu fjárkláðans á suðurlandi, sem alþingi hefur fallizt á, verði staðfest með samþykki konungs, en alþingi virðist að hafa lagt mikla áherzlu á, að lög þessi kæmu út, hefur þótt hlýða að skýra frá hinum helztu ástæðum fyrir nefndri ályktun.

Þó ekki væri haft tillit til ósamkvæmni þeirrar, sem í fyrirsögn lagafrumvarpsins er milli hins íslenska texta og hins danska, þar sem þessi texti, ef hann ætti að vera samkvæmur hinum, yrði að orðast þannig: «Lov om Udryddelse af det sønderlandske Faareskab», en þessi orð hafa allt aðra þýðingu, en þau sem lögin að framan voru nefnd með — hafa ráðgjafanum einkum þótt fyrirmæli 1. greinar lagafrumvarpsins alveg óaðgengileg. Þegar þannig í niðurlagi greinarinnar er ákvæðið, að ef kláði kæmi upp 8 vikum eptir að lögin hafa náð gildi, skuli öllu sauðfje hvers þess búanda eða fjáreiganda tafarlaust lógað skaðabótalaust, sem kláðakind finnst í, þá verður ekki sjeð betur en að þessi ákvörðun kæmi í bága við almenna rjettarmeðvitund manna, og einkum þótti ráðgjafanum hún fara allt of nærri rjetti hins einstaka, eins virðist það alveg óráðlegt að ganga út frá því, sem ákvörðunin þó virðist byggð á, sem sje, að fjáreigendur hljóti að hafa sýnt hirðuleysi með fje sitt hinar liðnu 8 vikur, þar engin vissa er fyrir því, að sjúkdómurinn geti ekki leynzt í kindinni lengri tíma, án þess að eigandinn hafi nokkurn grun um það. Þar að auki mætti eptir orðunum að eins beita ákvörðun þessari, ef kláði kæmi upp eptir að 8 vikur væru liðnar; en ekkert er skipað fyrir um, hvernig eigi að fara með kindur þær, sem áður hefðu verið teknar til lækninga, en eigi væru allæknaðar við lok 8 vikna tímabilsins. Þegar enn fremur er sagt í upphafi fyrnefndrar greinar: «hvenær sem hinn sótnæmi fjárkláði gjörir vart við sig, skal svo fljótt, sem því verður viðkomið, öllu því fje lógað skaðabótalaust, sem ekki er nægilegt húsrúm og heyfóður fyrir», þá yrði einnig að álíta þessa ákvörðun mjög hættulega, og gæti hún að líkindum leitt til þess, að öllu því fje í öllu suðurumdæminu, sem eigi er nægilegt húsrúm og heyfóður fyrir, yrði lógað, þá er lögin næðu gildi, með því að það er gefið, að fjárkláði nú sem stendur er á Suðurlandi, en ákvörðunin ekki er bundin við það skilyrði, að fjárkláði eða grunur um fjárkláða sje á þeim stað, þar sem hús og hey vantar, og þyrfti því eigi annars með til þess, að beita ákvörðuninni, en að kláðavottur hefði komið fram einhverstaðar í suðurumdæminu. Hins vegar vantar ákvörðun um, hvernig ætti að fara með það fje, sem eptir yrði, því sambandið milli fyrsta og annars liðar, sjá orðin: «allir aðrir» sýnir, að ekki yrði mögulegt að leggja fyrir fjáreigendur þá, sem getur um í upphafi greinarinnar, að baða, eða að öðrum kosti að skera niður fje þeirra, þó það væri með kláða; en engin ástæða virðist geta verið til þess, að láta þessa fjáreigendur sæta öðrum kjörum en hina.

Auk þeirra aðalgalla, sem þannig eru tilgreindir, eru í lagafrumvarpinu fleiri ákvarðanir, sem virðast ráðgjafanum, sumpart mikið ólíðlega orðaðar, sumpart í sjálfu sjer ísjarverðar. Í fyrnefndu tilliti skal einkum tekinn fram 2. liður í 4. grein, þar sem «allt fje» að líkindum samkvæmt hugsuninni á að skiljast, sem «allt kláðagrunað fje» eða þvíumlíkt, og í síðarnefndu tilliti 11. grein, þar sem allir fjárrekstrar til og frá yfir takmörk hinna heilbrigðu og grunuðu hjeraða eru bannaðir, að viðlögðum sektum frá 20 til 200 króna, því það er hvorttveggja, að bann þetta ríður í bága við ákvörðun annars liðar í 3. grein lagafrumvarpsins, enda mundi það gjöra ómögulegt hverjum þeim fjáreiganda, er byggi í sveitum þeim, sem um er að ræða, að flytja sig í annað byggðarlag. Að því leyti loksins í 13. grein er mælt fyrir um sjerstaka birtingu á lögnum, þar sem skipað er

Hinn 14. desbr. 1875

1875

97

4da
nóvbr.

lögreglustjórum að birta þau á hreppapingum, er þeir kveðja til með þingboði, verður ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma í því, að það yrði ærið ísjárvert í lögum, er snerta eignarrjett einstakra manna svo mjög sem þessi lög, að breyta út af lögum þeim sem sett eru um birtingu laga.

Eptir að ráðgjafinn samkvæmt því, sem greint er að framan, hafði gjört allraþegn-samlegastar tillögur um málið, hefur með allrahæstum úrskurði frá 29. f. m. allramildilegast verið samþykkt, að fyrnefnt lagafrumvarp nái ekki samþykki konungs.

Jafnframt því að tjá herra landshöfðingjanum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal eigi undanfellt að bæta því við, að atriði það, að ráðgjafinn hefur álitid sjer skylt að leggja það til, að hjer umrætt lagafrumvarp, sem alþingi hafði fallizt á, yrði ekki staðfest, gjörir það enn þá nauðsynlegra, að öllum þeim ráðum til að uppræta kláðaveiki þá, sem stofnar velmegun landsmanna í hættu, verði beitt með hinum mesta krapti. Þess vegna hefur ráðgjafanum verið kært, að sjá af auglýsingu herra landshöfðingjans frá 30. ágúst þ. á., að þjer í þessu tilliti eruð búdir að gjöra ítarlegar ráðstafanir, sem álitá má hentugar til að ná þessu augnamiði. Ráðgjafinn er ekki heldur í neinum vafa um, að þær ráðstafanir, ef þeim er framfylgt með nægilegum krapti, muni leiða til þess að kláðanum verði útrýmt, og eins og ráðgjafinn hefur reynt að gjöra það, sem í hans valdi stóð í þessu tilliti, með því eptir beiðni yðar að hlutast til um, að baðmeðöl þau, sem voru nauðsynleg til að framkvæma lækningarnar, og þjer höfðuð beizt í brjefi frá 18. september síðastliðnum, yrðu send, þannig býst ráðgjafinn við, að þjer framvegis sjáið um, að hið sterkasta eptirlit verði haft með að öllum fyrirmælum yðar verði hlýtt. Skyldi veikin samt þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem þannig eru gjörðar, reynast svo hættuleg, að það yrði álitid nauðsynlegt að ganga fram með meiri strangleik, en heimild er til í lögum þeim, sem nú eru, verður að fhuga, hvort ástæða skyldi vera til að gjöra sjerlegar ráðstafanir til að yfirbuga veikindin, og ráðgjafinn verður þessvegna að óska, ef mögulegt er með sama pósti, en, hvað sem öðru liður, með fyrsta pósti að vori, að fá svo ítarlegar skýrslur um ástandid sem mögulegt er.

Með því að innihald þessa brjefs verður að álitazt að hafa þýðingu fyrir almenn-ing, skal herra landshöfðinginn um beðinn, að birta það í stjórnartíðindunum.

98

8da
nóvbr.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Um leið og vísað er til fjárlaga þeirra handa Íslandi fyrir árin 1876 og 77, er staðfest voru af konungi 15. f. m. og prentuð eru í stjórnartíðindunum A 13, skal með tilliti til áhrifa þeirra, sem lög þau um laun íslenzkra embættismanna o. fl. og um aðra skipun læknaþjeraða á Íslandi o. fl., er staðfest voru sama dag, munu samkvæmt 18. gr. fjárlaganna hafa á upphæðir þær, er tilgreindar eru í 4. og 10.—13. grein fjárlaganna, þjónustusamlega athugað það, er nú segir:

Samkvæmt athugasemdum við 4. tölul. 4. gr. fjárlaganna ber, eptir að breyting sú á læknaSKIPUNinni, sem ráð var gert fyrir, hefur átt sjer stað með hinum síðastnefndu lögum frá 15. f. m. að taka læknaSjóðinn inn í landssjóð, en með tilliti til niðurröðunarinnar í fjárlögunum hefur þó verið álitid rjettast, að sjóðurinn haldi áfram reikningstima-bilið 1876 og 1877 að vera sjerstakur hluti hjálparsjóðsins, sem stiptsyfirvöldin stjórni þannig að það, sem afgangs verður af hinum árlegu tekjum sjóðsins, verði greitt í jarða-bókarsjóðinn sem gjald til hjálparsjóðsins.

Samkvæmt 15. grein í lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl. ná lög þessi gildi 1. janúar 1876. Af því leiðir, að embættismönnum þeim, sem nefndir eru í 8.—13.